

**Nd.**

**145. Frumvarp til laga**

um afnám laga nr. 7 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra.

Flm.: Jón Ólafsson.

1. gr.

Lög nr. 7 frá 9. jan. 1935, um fiskimatsstjóra, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Þegar lög um fiskimatsstjóra voru sett á Alþingi 1934, voru mjög skiptar skoðanir um nytsemi embættisins fyrir fiskimatið í landinu, sem þó var talið aðalatriði málsins. Nú hefir sú tveggja ára reynsla, sem þegar er fengin, sýnt og sannað, að fiskimatinu hefir sízt farið fram á þessum árum, heldur hið gagnstæða. Ennfremur hefir fiskimatsstjóri orðið þess valdandi, að fiskimenn, og þar með þjóðin öll hefir beðið stórkostlegt fjárhagslegt tjón af þekkingarleysi hans, og þar af leiðandi skökkum ráðstöfunum, sem ég mun nánar gera grein fyrir við umræðu málsins. Hér er einnig um 12 þús. króna árlegan sparnað að ræða fyrir rikissjóð.